

Fimmtudaginn 11. september 1997.

Nr. 254/1996.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

gegn

Porgeiri Yngvasyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

og gagnsök

Bifreiðar. Umferðarslys. Vátrygging. Líkamstjón. Örorka. Miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. júlí 1996. Hann krefst þess, að dómkrafa gagnáfrýjanda verði lækkuð verulega og hvor aðila beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 17. júlí 1996. Gagnáfrýjandi krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér skaða- og miskabætur, að fjárhæð 18.061.037 krónur, með 6% ársvöxtum frá slysdegi 4. júní 1991 til 1. ágúst sama ár, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október sama ár, með 4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, með 3,75% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, með 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1991, með 3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1992, með 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar, með 2% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars sama ár, með 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí sama ár, með 1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1993, með 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 17. maí 1994 og með sömu dráttarvöxtum af 16.276.760 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Frá framangreindum fjárhæðum dragist innborganir aðaláfrýjanda fyrir uppsögu héraðsdóms, 100.000 krónur, 19. október 1992 og 1.784.277 krónur 17. maí 1994. Enn fremur dragist frá dæmdum fjárhæðum 9.000.000 krónur,

sem aðaláfrýjandi greiddi inn á kröfuna 21. maí 1996, eftir upp-
kvaðningu hins áfrýjaða dóms, og verði tekið fram í dómi, að sú
innborgun skuli fyrst greiða málskostnað gagnáfrýjanda í héraði og
áfallna dráttarvexti á innborgunardegi, áður en hún reiknist inn á
höfuðstól kröfunnar. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði
og fyrir Hæstarétti.

I.

Við áfrýjun málsins féll aðaláfrýjandi frá aðalkröfu sinni í héraði
um sýknu. Hann gerir ekki lengur ágreining um það, að um sé að
ræða orsakasamband innbyrðis milli þeirra slysa, er gagnáfrýjandi
varð fyrir 4. júní 1991 og 2. apríl 1992, og tjónsins. Þá er ekki heldur
deilt um það, að varanleg læknisfræðileg örorka gagnáfrýjanda
vegna beggja slysanna verði talin samtals 50%. Fyrir Hæstarétti
snýst því málið aðallega um ákvörðun bótafjárhæða til handa gagn-
áfrýjanda, en bætur eru sóttar á grundvelli öðrumannstryggingar
samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Fyrra slysið varð í bifreiðaárekstri á mótum Háaleitisbrautar og
Listabrautar í Reykjavík. Síðara slysið gerðist með þeim hætti, að
gagnáfrýjandi var að stíga út úr bifreið sinni fyrir utan heimili sitt,
er hann féll og bar fyrir sig vinstri hönd. Engin haldbær rök hafa
verið færð fram fyrir þeirri staðhæfingu, að gagnáfrýjandi hafi að
einhverju leyti valdið þessu slysi með stórfelldu gáleysi, en eftir
reglum laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga hefur einfalt gá-
leysi váttryggðs ekki áhrif á kröfu hans til váttryggingarbóta, sbr. og
2. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Fallist er á það með héraðsdómi, að við áætlun tapaðra framtíðar-
tekna gagnáfrýjanda vegna slysanna verði tekið mið af hinni læknis-
fræðilegu örorku hans og hliðsjón höfð af líkindareikningi Jóns Er-
lings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 4. október 1995, sem birtur
er í héraðsdómi.

II.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfugerð sína þannig:

1. Tímabundin örorka	kr.	3.800.800
2. Varanleg örorka	–	14.638.560
3. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	–	921.400

4. Miskabætur

	kr.	1.500.000
Samtals	kr.	20.860.760
Frádregnar innborganir	–	2.799.723
Samtals	kr.	18.061.037

Í þessari kröfugerð hefur gagnáfrýjandi þegar lækkað kröfu vegna varanlegrar örorku um 15% vegna skatthagræðis og eingreiðslu bóta.

Um 1. Gagnáfrýjandi var tjónskoðunarmaður hjá aðaláfrýjanda frá upphafi árs 1990 og hélt launum sínum hjá honum, á meðan hann var óvinnufær vegna beggja slysanna. Aðaláfrýjandi greiddi gagnáfrýjanda 1.784.277 krónur 17. maí 1994 „vegna 15% varanlegrar örorku, miska og tapaðrar vinnu við eigið húsnæði“. Var það gert með fyrirvara um bætur fyrir vinnu við eigið húsnæði, ef til dómsmáls kæmi. Gagnáfrýjandi tók við þessari greiðslu sem innborgun. Skattskyldar tekjur gagnáfrýjanda hjá aðaláfrýjanda lækkuðu milli áranna 1991 og 1992 um 306.970 krónur, en hækkuðu á árinu 1993 í nokkuð samsvarandi laun og árið 1991. Reiknað endurgjald við eigin atvinnurekstur gagnáfrýjanda lækkaði milli áranna 1991 og 1992 um 314.673 krónur og enn um 140.130 krónur milli áranna 1992 og 1993. Þessar launabreytingar hafa ekki verið skýrðar. Á það má fallast með héraðsdómi, að með launagreiðslum aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda, á meðan hann var óvinnufær, og framangreindri innborgun hafi gagnáfrýjandi fengið bætt tjón sitt vegna tímabundinnar örorku.

Um 2. Aðila greinir á um það, hvort við útreikning tjónsins skuli taka tillit til vinnu gagnáfrýjanda fyrir slysin við eigið húsnæði og við húsbyggingar hjá öðrum. Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur áætlað í áðurnefndum útreikningi sínum, að slysdagsverðmæti tekjutaps vegna vinnu við eigið húsnæði sé 1.550.000 krónur og bætist við tap af tímabundinni örorku. Hann metur það svo með hliðsjón af húsbyggingarskýrslum gagnáfrýjanda, sem er menntaður múrari, að í framtíðinni hefði hann getað unnið við iðn sína hjá öðrum sem svarar 600 vinnustundum á ári. Þetta mat þykir ekki með öllu raunhæft, þegar litið er til framtíðar og eðlis þess starfs, sem um er að ræða. Þá liggur ekki annað fyrir en gagnáfrýjandi eigi þess

kost og sé fær um að gegna áfram fullu starfi hjá aðaláfrýjanda. Til alls þessa verður að horfa við heildarmat bóta til handa gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku hans.

Óumdeilt er, að gagnáfrýjandi eigi rétt á örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt 34. gr. þágildandi laga um almannatryggingar nr. 67/1971, en hafi ekki nýtt sér þann rétt. Bætur frá váttryggingafélagi úr ökumannstryggingu samkvæmt 92. gr. umferðarlaga skulu greiddar eftir reglum skaðabótaréttar um ákvörðun bótafjárhæðar. Tjónþola er því rétt að neyta þeirra úrræða í almannatryggingum, sem lög mæla fyrir um, áður en bótaskyldur aðili svarar til bóta. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing Tryggingastofnunar ríkisins 4. september 1997, þar sem fram kemur, að frá árinu 1990 hafi stofnunin ekki endurkrafið váttryggingafélög vegna greiðslu slysabóta, ef um hafi verið að ræða örorkulífeyri vegna slyss. Réttur gagnáfrýjanda til örorkulífeyris er lögbundinn, og breytir engu, hvort Tryggingastofnun ríkisins hefur nýtt sér rétt sinn lögum samkvæmt til endurkröfu á hendur tryggingafélagi þess, er ábyrgð ber á tjóni. Ber því að draga frá bótum til gagnáfrýjanda þann örorkulífeyri, sem hann á rétt til, en samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar 23. febrúar 1996 nemur slysdagsverðmæti lífeyrisins 1.071.000 krónum.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar upplýsingar frá aðaláfrýjanda um greiðslur til gagnáfrýjanda samkvæmt almennri slysatryggingu, sem hann keypti sjálfur, og atvinnuslysatryggingu launþega samkvæmt kjarasamningi. Svo sem áður segir, eru bætur úr ökumannstryggingu greiddar eftir reglum skaðabótaréttar um ákvörðun bótafjárhæðar. Bætur úr eigin slysatryggingu gagnáfrýjanda koma ekki til frádráttar þeim bótum, sem aðaláfrýjanda ber að inna af hendi. Um launþegatrygginguna er þess að gæta, að aðaláfrýjandi, sem hefur borið kostnað af iðgjöldum hennar sem vinnuveitandi gagnáfrýjanda, ber ekki fébótaábyrgð á slysunum eftir skaðabótareglum utan samninga. Af hálfu aðaláfrýjanda hefur ekki komið fram, á hvaða grundvelli hann byggir þá kröfu sína, að bætur launþegatryggingarinnar dragist frá bótum til gagnáfrýjanda. Bætur þeirrar váttryggingar koma samkvæmt framansögðu ekki til frádráttar kröfu aðaláfrýjanda, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954, sem þá var í gildi.

Bætur vegna varanlegrar örorku sæta að lokum frádrætti vegna hagræðis af eingreiðslu bótanna og skattfrelsi þeirra.

Um 3. Í tjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar er verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda áætlað 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku eða 921.400 krónur. Fyrir því er dómvenja, að tjónþolar í örorkubótamálum fái bætt ætlað tjón vegna tapaðra lífeyrisréttinda án skerðingar vegna skattfrádráttar. Verður þessi kröfufullður gagnáfrýjanda tekinn til greina að fullu.

Um 4. Sýsin hafa valdið gagnáfrýjanda umtalsverðum óþægindum og vanlíðan og heft hann í daglegu lífi og tómstundum. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 800.000 krónur.

Ágreiningslaust er, að frá bótafjárhæðum, eins og þær eru ákveðnar að framan, verði dregnar 3.000.000 krónur, sem aðaláfrýjandi hafði greitt vegna tjónsins, og var það gert í hinum áfrýjaða dómi.

III.

Í áðurnefndum líkindareikningi Jóns Erlings Þorlákssonar er tjón gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku áætlað 18.298.200 krónur. Þegar sú fjárhæð hefur verið lækkuð sem nemur slysdagsverðmæti örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins og frádrætti vegna eingreiðslu og skatthagræðis, en bætt við miskabótum og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda, fást 14.211.120 krónur. Frá þeirri fjárhæð eru dregnar 3.000.000 krónur vegna innborgana. Niðurstaða málsins verður þá sú, að aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda 11.211.120 krónur að frádregnum 9.000.000 krónum, sem hann greiddi gagnáfrýjanda 21. maí 1996, eftir uppsögu héraðsdóms.

Aðaláfrýjanda var sent kröfubréf 20. ágúst 1993, og voru þar settar fram kröfur, að fjárhæð 18.178.149 krónur, með vísun til örorkutjónsútreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar frá 18. ágúst 1993. Kröfugerð í þessu máli byggist á sama grundvelli að öðru leyti en því, að í síðari útreikningi tryggingafræðingsins 4. október 1995 er reiknað með 4,5% afvöxtun framtíðartekna í stað 6%. Vegna verðlagsbreytinga milli útreikninga og breyttra forsendna í hinum síðari þykir rétt, að bótafjárhæðin beri ekki dráttarvexti fyrr en frá og með 4. október 1995.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 1.200.000 krón-

ur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en þá hefur verið tekið tillit til útlagðs kostnaðar, 125.675 króna, og innborgunar 19. október 1992, 100.000 króna.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði gagnáfrýjanda, Þorgeiri Yngvasyni, 11.211.120 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. apríl 1992 til 4. október 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 9.000.000 krónum 21. maí 1996, er gangi fyrst til greiðslu dráttarvaxta.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 1.200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Krafa gagnáfrýjanda vegna meiðsla hans 2. apríl 1992 er ekki á því byggð, að hann hafi þá orðið fyrir umferðarslysi, heldur telur hann þau eðlilega afleiðingu slyssins 4. júní árið áður. Sú regla 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga, að bótaréttur vegna líkamstjóns skerðist ekki, nema slysi sé valdið af stórfelldu gáleysi, á þannig ekki við um meiðslin með beinum hætti, og sama er um hliðstæða reglu 20. gr. laga um váttryggingarsamninga. Álitaefnið er það, hvort gagnáfrýjandi hafi hlotið meiðslin vegna eigin skeytingarleysis um þá veiklun, sem hann bjó við eftir fyrra slysið. Er ég samþykkur þeirri niðurstöðu héraðsdóms, að þetta sé ósannað. Með þessari athugasemd er ég samþykkur atkvæði annarra dómenda að öllu leyti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. apríl sl., var höfðað með stefnu, birtri 14. júní 1994.

Stefnandi er Þorgeir Yngvason, kt. 261043-4329, Súlunesi 27, Garðabæ.

Stefndi er Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Dómkröfur stefnanda.

Þær eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda óskipt skaða- og miskabætur, að fjárhæð 18.061.037 kr. [með nánar tilgreindum ársvöxtum], til 20. 9. 1993, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá þeim degi til 17. 5. 1994, en með dráttarvöxtum af 16.276.760 kr. frá 17. 5. 1994 til greiðsludags.

Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. september 1994, en síðan árlega þann dag.

Pá er krafist málskostnaðar að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti skv. málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram við aðalmeðferð málsins.

Frá framangreindum fjárhæðum dragist síðan innborganir stefnda 19. 10. 1992, 100.000 kr., og 17. 5. 1994, 1.784.277 kr., samtals 1.884.277 kr.

Dómkröfur stefnda.

Aðallega krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Til vara er þess krafist, að krafa stefnanda verði verulega lækkuð og að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Málavextir.

Hinn 4. júní 1991 varð stefnandi fyrir slysi, er hann ók bifreið sinni, G-25912, og lenti í árekstri við bifreiðina O-8563. Bifreið stefnanda var tryggð lögboðinni ökumannsstryggingu hjá stefnda. Við áreksturinn varð stefnandi fyrir áverkum á hálsi og mjóbaki og fann fyrir dofatilfinningu niður í fætur. Var hann fluttur á slysadeild Borgarspítalans til frekari rannsóknar. Stefnandi var meðhöndlaður af læknum slysadeildarinnar, og síðar var hann einnig til meðferðar hjá Torfa Magnússyni lækni.

Samhliða slæmum einkennum frá hálsi og mjóbaki fann stefnandi fyrir máttleysi og dofa í ganglimum, einkum í vinstri fæti. Í vottorði Torfa Magnússonar frá 27. okt. 1992 segir svo í niðurstöðu:

„4. júní 1991 lenti sjúklingur í bifreiðarslysi. Fékk hann við það áverka á bak og háls. Hann hefur sennilega einnig fengið áverka á taugarætur neðst í mjóbaki. Talsvert mikil einkenni voru í upphafi og óvinnufærni, en einkenni hjöðnuðu smám saman næstu vikur, og frá því að undirritaður sá sjúkling fyrst, í október 1991, hafa í raun ekki orðið neinar afgerandi breytingar á ástandi hans, hvað varðar bakverki og hálsverki. Einkennin bæði frá hálsi og baki hafa verið talsvert hamlandi.

Ég tel, að einkennin í mjóðbaki megi rekja til tognunar í kringum V. lendalið, líklega vegna áverka á liðþófa, liðbönd eða smáliði milli hryggjarliða, og sjúklingur fær þar sára stingverki auk stöðugs verkjar, sem hann hefur.

Einkennin í hálsi tel ég stafa af tognun í háls hrygg, líklega vegna áverka á liðþófa, liðbönd eða smáliði milli hryggjarliða, og ýfist síðan upp vöðvaspenna í háls hryggnum vegna verkja þar. Höfuðverkur kemur að nokkru leyti frá háls hryggnum, en sennilega einnig að nokkru leyti frá þrýstingi vöðva á hnakkataugar.

Komið hefur fram truflun í dálkstaug (nervus peroneus), sem sennilega má rekja til áverka á taugarætur í slysinu.

Vinnugeta sjúklings er talsvert skert vegna afleiðinga bílslyssins, og hafa einkennin ætíð ýfst upp við líkamlegt álag. Við mat á síðastliðnu vori taldi ég, að einkennin myndu verða þrálát og sennilega skerða vinnugetu sjúklings til líkamlegra starfa til frambúðar.

Þar sem sjúklingur hlaut á síðastliðnu vori slæmt brot á vinstri framhandlegg, hefur vinnugeta hans skerast enn frekar, og hefur hann verið alveg óvinnufær vegna þess undanfarna mánuði. Um batahorfur eftir það slys verður ekki fullyrt að svo komnu máli.

Við einkennin frá baki og hálsi er ekki upp á frekari meðferð að bjóða.“

Hinn 2. apríl 1992, þegar stefnandi var að stíga út úr bifreið sinni, lágum Subaru, fyrir utan heimili sitt, datt hann og bar þá fyrir sig vinstri hönd. Hlaut hann við það óvenjuslæmt brot á hendinni. Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar læknis frá 9. júlí 1993 segir m. a. svo:

„Gert var að kurlbrotnu á vinstri úlnlið sjúklings með þeim hætti, að það var fært í skorður og komið fyrir svonefndri ytri festingu á vinstri úlnlið eða hendi. Með því móti fékkst tiltölulega góð staða í kurlbrotið á fremri sveifarendanum. Eftir á kom í ljós, að miðtaugin í hendinni var ekki starfandi og algjör dofi í þeim fingrum, sem hún annast. Líklegt sýndist, að taugin hefði orðið fyrir sköddun á brotstað og háskalegum þrýstingi, þar sem hún liggur í gegnum lófarótina. Sakir þessa var gerð aðgerð 4/4 og losað um taugina á þessum stað. Taugin reyndist dökkleit á kafla, og blæðing var á staðnum. Vænst var, að þessi ráðstöfun nægði til þess, að taugin næði sér a. m. k. að verulegu leyti. Sú varð þó ekki raunin. Ytri festing, sem notuð var til þess að halda brotkurlinu í skorðum, var fjarlægð sjö vikum eftir slysið, og hófst þá langvarandi sjúkrahjálfunarmeðferð á hendinni. Sjúklingur hafði allt frá upphafi ekki haft vald á að hreyfa fingur handarinnar að ráði, og fljótlega komu í ljós einkenni um svokallaða dystrophia symptica, sem er í eðli sínu óskýrt fyrirbæri, en veldur stirðleika, bjúg og verkjum

ekki aðeins á skaddaða svæðinu, heldur og í öllum skaddaða útlínum. Allar tiltækar meðferðartilraunir voru gerðar til að bæta úr stirðleika í liðum, verkjum svo og ofurviðkvæmni í hendinni. Þar var einkanlega um að ræða sjúkrahjálfun, ýmiss konar sprautu- og deyfingarmeðferð svo og lyfja-meðferð. Meðal annars dvaldist sjúklingur á endurhæfingardeild Borgarspítalans inniliggjandi eða/og sem dagsjúklingur á tímabilinu 16. 6. til 18. 9. 1992. Mun hann þar einkum hafa verið í umsjá Torfa Magnússonar, sérfræðings í taugalækningum, en hann hafði verið að talsverðu leyti í umsjá hans vegna slyssins í júní 1991.

Reynt var á tímabili að auka möguleika sjúklings til þess að stjórna kreppivöðvum fingranna með því, að hann hlustaði með þar til gerðum tækjum á það, þegar kreppivöðvarnir drægjust saman. Þessi meðferðarviðleitni bar lítils háttar árangur, einkanlega hvað varðaði þá vöðva, sem ulnar-taugin stjórnar.

Öll meðferðarviðleitni bar þó mjög takmarkaðan árangur að því undanskildu, að hreyfingar í vinstri axlarlið, sem voru mjög skertar og aumar á tímabili, urðu smám saman langt til eðlilegar. Sömuleiðis jókst hreyfigeta í vinstri úlnlið smám saman, en er þó engan veginn eðlileg orðin. Brunatilkennning, sem sjúklingur hafði í vinstri hendi allengi, hjaðnaði og má heita horfin. Eftir stendur þó viss þrýstings- og verkjatilkennning í hendinni, sér í lagi, þegar sjúklingur hefur ekki beitt henni um nokkra stund, og eins, ef hún hangir niður lengri tíma. Til þess að draga úr þessum óþægindum þurfti sjúklingur að halda hendinni a. m. k. í axlarhæð lengi vel. Hann kvartaði á tímabili mjög um kulvísi á hendinni, en svo sýnist sem nokkuð hafi dregið úr þessari kulsækni.

Þrátt fyrir ýrtruðu viðleitni sjúklings sjálfs svo og meðhöndlandi aðila, hefur hreyfigeta og sér í lagi gripstyrkur fingra vinstri handar sáralítið aukist í tímans rás. Fingurnir, að þumlinum að nokkru leyti undanskildum, hafa enn verulega skerta kreppigetu, og gripstyrkur handarinnar er enn óverulegur. Tilfinning á því svæði, er miðtaugin annast í fingrum handarinnar, þ. e. a. s. lófa megin á þumli, vísifingri, löngutöng og hálfum baugfingri, er nánast engin og hefur ekki breyst til batnaðar, frá því að sjúklingur varð fyrir slysinu í byrjun apríl 1992. Í ljós kemur einnig, að tilfinning á því svæði, sem ulnar-taugin annast, er talsvert skert. Þessu var þó ekki veitt athygli þar til nýlega, enda hafði sjúklingur sjálfur ekki tekið eftir þessu eða vakið athygli á því.

Af þessum sökum er nýtigeta vinstri handar mjög mikið skert, og nýtist höndin helst til þess að styðja við hluti. Sakir kreppiskerðingar fingranna, mjög veiklaðra vöðva og tilfinningaskerðingar í fingrunum getur sjúklingur

ekki haldið á verkfærum í hendinni, svo að gagn sé að. Heildarnýtigeta handarinnar er þannig óveruleg, og nú um langt skeið hefur engin sannfær-andi breyting til batnaðar orðið í því efni.

Engin lausn sýnist á vanda sjúklings að þessu leyti. Að vísu hefur allengi verið til íhugunar að kanna miðtaugina með skurðaðgerð og nema burtu kafla hennar í lófarótinni, sem væntanlega er eyðilagður, og þess í stað koma fyrir brúm milli heilbrigðrar taugar ofan úlnliðsins og taugagreinanna í lófanum. Markmið með slíkri ráðstöfun væri að koma aftur á nokkurri, en þó í besta falli sljórri tilfinningu í annars tilfinningalausla fingur. Þar yrði að vísu ekki um að ræða mjög viðamikla aðgerð, en slíkri aðgerð fylgdi væntanlega nokkur hætta á því, að áður umgetin dystrophia sympatica ýfðist upp aftur og ykist.

Nefnd dystrophia sympatica er fyrirbæri, sem aldrei hefur verið skýrt að neinu ráði. Þetta verkja- og stirðleikafyrirbæri er stöku sinnum afleiðing af fremur lítilvægum úlnliðsbrotum, en sjaldan af öðrum áverkum. Á stundum sýnist þessi dystrophia þó vera afleiðing af eða tengjast náði áverka á taugum. Í þessu tilviki er líklegt, að svo sé.

Í samræmi við framanritað verður að líta svo á, að núverandi ástand vinstri handar muni haldast í meginatriðum óbreytt og nýtigeta handarinnar sé og muni framvegis verða mjög skert. Að vísu hefur ekki enn verið með öllu tekið fyrir, að fyrrgreind aðgerð á miðtauginni verði einhvern tím-an reynd.“

Stefnandi er menntaður múrari. Fyrir slysið 4. júní 1991 starfaði hann að iðn sinni, en frá ársbyrjun 1990 starfaði hann jafnframt sem tjónskoðunarmaður hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Eftir slysið í júní 1991 var stefnandi alveg óvinnufær í tvo og hálftan mánuð, en hóf síðan aftur fyrri störf sem tjónskoðunarmaður hjá stefnda. Samkvæmt vottorði Rögnvalds Þorleifssonar gat hann séð um framkvæmdir á sviði múrverks, en ekki unnið að handverkinu, svo að gagn væri að. Eftir byltuna og handarbrotið í apríl 1992 var stefnandi algerlega óvinnufær til ársloka 1992, en hóf þá aftur störf við tjónskoðun. Eftir handarbrotið mun stefnandi samkvæmt fram lögðum vottorðum vera ófær um að vinna sem múrari.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að á þeim tíma, sem slysið varð, hafi stefnandi þegar ráðstafað sér í ýmis verk við múrverk og auk þess ráðgert að ljúka sjálfur múrvinnu við eigið húsnæði að Súlunesi 27. Einnig hafi stefnandi orðið að leggja helstu tómstundaáhugamál sín á hilluna. Þar sé um að ræða flug, en stefnandi mun vera með einkaflugmannspróf, en auk þess hafi stefnandi stundað smíðar í tómstundum og m. a. smíðað nokkrar litlar einkaflugvélar, sem fengið hafi loftferðaskírteini.

Með örorkumati, dags. 25. júlí 1993, mat Jónas Hallgrímsson örorku stefnanda af völdum slyssins 4. júní 1991 og byltunnar 2. apríl 1992. Telur lækinn í því mati algerlega ótvírátt, að rekja megi síðara slysið, þ. e. byltuna 2. apríl 1992, til afleiðinga fyrra slyss. Mat hann tímabundna örorku stefnanda 100% í 1½ mánuð, en síðan varanlega örorku 50%. Sú örorka skiptist þannig, að 5% eru vegna áverka á hálsi, 10% vegna áverka á mjóbaki og 35% vegna áverka á vinstri hendi.

Að fengnu örorkumati Jónasar var aflað útreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings á tjóni stefnanda. Er sá útreikningur dags. 18. ágúst 1993. Nýr útreikningur var gerður 4. október 1995.

Á grundvelli fyrra útreiknings var stefnda sent kröfubréf 20. ágúst 1993. Námu heildarkröfur stefnanda á hendur stefnda skv. nefndu bréfi 18.178.149 krónum. Í svarbréfi stefnda, dags. 27. september 1993, var ekki fallist á kröfur stefnanda á grundvelli framangreindra sönnunargagna. Í svarbréfinu voru boðnar bætur miðað við 15% örorku, en því hins vegar hafnað, að um tengsl væri að ræða milli slyssins 4. júní 1991 og byltunnar 2. apríl 1992.

Með aðilum varð þá að samkomulagi að leita álits tveggja lækna á tengslum milli slysanna tveggja svo og heildarörorku stefnanda. Tilnefndi stefnandi Sigurjón Sigurðsson bæklunarskurðlækni, en af stefnda hálfu var Ísak G. Hallgrímsson, orku- og endurhæfingarlæknir tilnefndur. Fyrir lækna voru lagðar spurningar um það, hvort um tvö óskyld slys væri að ræða eða hvort þau beinu tengsl væru á milli slysanna tveggja, að síðara slysið teldist bein afleiðing hins fyrra. Auk þess var spurt um það, hver heildarörorka stefnanda væri og hvernig hún skiptist á milli slysanna tveggja.

Í matsgerð lækna tveggja, sem dags. er 24. apríl 1994, eru málsatvik rakin, en síðan er vikið að núverandi ástandi stefnanda. Kemur þar fram, að einkenni stefnanda hafa að mestu verið óbreytt, í raun allt frá áramótum 1992–1993. Ástand og einkenni frá hálsi og mjóbaki séu svipuð og starfsemi vinstri handar verulega skert, hún nýtist ekkert nema til stuðnings. Um sífellt máttleysi sé að ræða í vinstri fæti, en með ýrtruðu aðgæslu komist stefnandi nú hjá því að detta af þeim sökum.

Í samhljóða niðurstöðu lækna kemur enn fremur fram, að þeir telja byltuna 2. apríl 1992 vera beina afleiðingu slyssins 4. júní 1991. Auk þess staðfesta þeir niðurstöðu Jónasar Hallgrímssonar um 50% varanlega örorku af þessum völdum og skiptingu hennar.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu féllst stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., ekki á, að um orsakatengsl væri að ræða milli slyssins og óhappsins í apríl 1992. Bauð stefndi upp á greiðslu í samræmi við tilboð sitt frá 27. september 1993 miðað við metna örorku vegna háls- og bakmeiðsla, þ. e. 15%. Við þeirri greiðslu var tekið af stefnanda hálfu sem innborgun á tjón hans.

Hinn 17. október 1994 skilaði Guðmundur Björnsson læknir læknisfræðilegri greinargerð um hugsanlegt orsakasamhengi milli bifreiðarslyssins 4. júní 1991 og byltunnar 2. apríl 1992. Ályktun hans er svohljóðandi:

„Þorgeir hefur við fyrra slys hlotið hnykk á háls og bak.

Niðurstöður lækniškoðunar eftir fyrra slys bentu ekki til veiklunar á spyrugetu fótar, heldur eingöngu kraftminnkunar við réttingu á tám vinstri fótar. Ljóst er, að Þorgeir hafði fyrir fyrra slys óþægindi í hæ. hné vegna slitgigtar og hugsanlega liðþófaskemmdar, og hafa slík óþægindi hugsanlega getað valdið óstöðugleika hans. Hann var með verki í baki fyrir slysið, sem versnuðu eftir fyrra slys. Þekkt er, að slíkir verkir geta í sumum tilfellum truflað niðurstöður taugalífeðlisfræðilegra rannsókna vegna vöðvaspennu. Taugaritið bendir í þessu tilfelli ekki á skemmd eða þrýsting á taugavef; þannig er ekki hægt að sýna fram á, að taugavefur hafi verið skaddaður fyrir eða skaddast við áreksturinn, svo að óyggjandi sé. Ekki verður séð, að neitt sé læknisfræðilega athugavert við spyrugetu vi. fótar, heldur eingöngu réttingu á tám, og því ekkert hægt að fullyrða, að vi. fótur hafi gefið sig, þegar Þorgeir steig út úr bifreið sinni við seinna slys, af orsökum, sem rekja má til fyrra slyss. Verkir geta valdið því, að útlimir gefi sig við álag, en þekkt var, að Þorgeir hafði verki af öðrum orsökum, m. a. í hægra hné. Þannig er ekki hægt að fullyrða, að afleiðingar umferðarslyssins eigi þátt í slysabyltunni.

Hér er því að mínu mati um tvo óskylda atburði að ræða.“

Hinn 11. nóvember 1994 voru þeir Magnús Ólason læknir og Þorgeir Örylgsson prófessor dómkvaddir sem matsmenn til þess að láta í té skriflegt og rökstutt álit á fjárhagslegri örorku stefnanda vegna slyssanna hvors um sig og beggja slyssanna í einu lagi. Hinir dómkvöddu matsmenn skiluðu mati, dags. 7. apríl 1995. Niðurstaða þeirra var, að varanleg fjárhagsleg örorka stefnanda af völdum umferðarslyssins í júní 1991 teldist vera 10%. Varanlega fjárhagslega örorku stefnanda af völdum byltunnar í apríl 1992 töldu matsmenn vera 22,5%, og varanlega fjárhagslega örorku stefnanda af völdum slyssanna beggja 30%.

Með úrskurði, upp kveðnum í Héraðsdómi Reykjavíkur 24. mars 1995, var lagt fyrir lækna ráð að láta dóminum í té skriflega og rökstudda umsögn um eftirfarandi:

„Telur lækna ráð af fram lögðum gögnum og lýsingum ótvírætt, að slys það, sem stefnandi varð fyrir 4. júní 1991, hafi leitt til áverka, sem síðan hafi valdið því slysi, sem hann varð fyrir 4. apríl 1992, að beint orsakasamband sé á milli þessara slysa?“

Svar lækna ráðs er dags. 6. júlí 1995, en þar játar ráðið framangreindri

spurningu. Síðan segir svo: „Læknaráð fellst á þann rökstuðning, sem fram kemur í fyrirbyggjandi umsögnum lækna, þar sem rök eru leidd að því, að orsakasamband sé á milli slyssanna. Sérstaklega skal vísað til þess, sem segir í matsgerð Ísaks G. Hallgrímssonar læknis og Sigurjóns Sigurðssonar læknis á dómskjali nr. 17 í kaflanum um samantekt og álit.“

Málsástæður stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis svo og í matsgerð lækna Sigurjóns Sigurðssonar og Ísaks G. Hallgrímssonar liggja fyrir samhljóða mat þriggja lækna þess efnis, að um orsakatengsl sé að ræða milli bílslyssins 4. júní 1991 og byltunnar 2. apríl 1992. Þær niðurstöður byggja enn fremur á vottorðum þeirra lækna, sem afskipti höfðu af stefnanda eftir slysið.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að enginn ágreiningur sé um það, að fyrra slys hafi valdið stefnanda 15% varanlegri læknisfræðilegri örorku. Hvað það slys varðar, sé eingöngu ágreiningur um fjárhagslegt tap stefnanda vegna þess. Af hálfu stefnda er því og haldið fram, að hann beri ekki ábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hlaut við síðara slys.

Niðurstæða.

Bótaskylda stefnda vegna tjóns stefnanda af slysinu 4. júní 1991 byggist á 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og er hún viðurkennd af stefnda. Ágreiningur aðila er um sönnun orsakatengsla milli bílslyssins 4. júní 1991 og byltunnar 2. apríl 1992.

Pegar til þess er litið, sem fram kemur í fram lögðum læknisvottorðum, niðurstöðu læknaráðs, framburði lækna hér fyrir dómi, og þá sérstaklega þess, sem fram kom hjá Torfa Magnússyni lækni, telja hinir sérfróðu meðdómendur, að sýnt hafi verið fram á, að afleiðingar áverka þeirra, sem stefnandi varð fyrir við slysið 4. júní 1991, hafi að öllum líkindum valdið slysinu 2. apríl 1992. Ólíklegt þykir, að aðrar hugsanlegar orsakir og fyrirbyggjandi sjúkdómar, svo sem slitgigt og liðþófaskemmd, sbr. greinargerð Guðmundar Björnssonar læknis, dags. 17. október 1994, hafi valdið slysinu. Ekkert er fram komið um, að stefnandi hafi sýnt gáleysi, þá er hann varð fyrir síðara slysi. Stefnanda hafði hvorki verið bannað að vinna né aka bifreið.

Verður því lagt til grundvallar við niðurstöðu málsins, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart stefnanda á því tjóni, sem hann varð fyrir við slysin bæði.

Læknisfræðileg örorka stefnanda hefur af þremur læknum verið metin 50%. Á það mat fallast hinir sérfróðu meðdómendur. Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til læknisfræðilegrar örorku og hún höfð til hliðsjónar við ákvörðun örorkubóta. Eigi eru forsendur til að víkja frá þeirri hefðbundnu aðferð, svo sem máli þessu og sönnunargögnum er háttað.

Stefnandi reisir kröfur sínar vegna örorkutjóns, þ. e. vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku, á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 4. okt. 1995. Í útreikningi kemur fram, að óskað hafi verið eftir því, að tjónið væri reiknað á tvo vegu. Síðar segir m. a.:

„1. Annars vegar sé miðað við tekjur Þorgeirs árin 1990 og 1991 samkvæmt skattframtölum hans. 2. Hins vegar verði tekið tillit til tapaðra tekna vegna vinnu við eigið húsnæði.

1. Samkvæmt ljósrítum af skattframtölum Þorgeirs voru vinnutekjur hans árin 1990 og 1991 eins og að neðan greinir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga:

	Tekjur		Umreiknaðar tekjur	
Árið 1990	kr.	1.670.439	kr.	2.046.700
– 1991	–	2.140.810	–	2.426.600
			Meðaltal	kr. 2.236.700

Tekjurnar eru að mestum hluta laun, en að minna leyti reiknuð laun og hreinar tekjur í eigin atvinnurekstri.

Á áðurnefndum forsendum um tekjur og miðað við, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur		Tekjutap	
Árið 1991, frá slysdegi	kr.	1.138.000	kr.	1.138.000
– 1992	–	2.008.800	–	1.389.400
– 1993	–	2.086.600	–	1.043.300
– 1994	–	2.154.000	–	1.077.000
Síðan árlega	–	2.236.700	–	1.118.300

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	1.860.500
Vegna varanlegrar örorku	–	15.356.800
Samtals	kr.	17.217.300

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyss er ég vanur að áætla 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku. Það verður í þessu tilfelli 921.400 kr. Óvíst er, að slíkt tap verði virkt, þar sem ýmsir lífeyrissjóðir veita framreiknuð réttindi til elli- og makalífeyris, þegar um mikla örorku er að ræða.

2. Vinnu við eigið húsnaði, sem fellur niður vegna slyssins, áætlar Þorgeir þannig:

Múrhúðun inni	kr.	1.100.000
Málun inni	–	284.000
Annað smálegt og flutn. ca.	–	200.000
Samtals	kr.	<u>1.584.000</u>

Slysdagsverðmæti framangreindrar fjárhæðar er um 1.550.000. Bætist það við tap af tímabundinni örorku.

Að lokinni eigin húsbyggingu má ætla, að starfsorka Þorgeirs hefði beinst í auknum mæli að starfsemi fyrir aðra, sbr. greinargerð hans. Hversu mikið sú vinna hefði aukist til frambúðar, er auðvitað óvíst. Ég hef til hliðsjónar tölur úr húsbyggingarskýrslum, þar sem fram koma vinnustundir við eigin byggingu: 700 st. 1989, 800 st. 1990 og 1080 st. 1991 fram að slysdegi. Ég áætla, að í framtíðinni myndu í staðinn skila sér 600 st. á ári í vinnu hjá öðrum. Tekjur af því áætla ég 714 kr. á stund, sem er sem næst meðaltímakaup iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Við það aukast árlegar framtíðartekjur um 428.400 kr. upp í 2.665.100 kr. Með þessu móti fæst slysdagsverðmætið:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	3.800.800
Vegna varanlegrar örorku	–	18.298.200
Samtals	kr.	<u>22.099.000</u>

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 4/10 1995 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (6% frá slysdegi, 7% frá 1/8 '91, 4% frá 11/10 '91, 3,75% frá 1/11 '91, 3,5% frá 21/11 '91, 3% frá 1/12 '91, 2,5% frá 1/2 '92, 2% frá 11/2 '92, 1,25% frá 21/3 '92, 1% frá 1/5 '92, 1,25% frá 11/8 '93 og 0,5% frá 11/11 1993). – Einfaldir sparisjóðsvextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 6,31%. – Eftir útreikningsdag eru notaðir 4,5% vextir og vaxtavextir.“

Því er ómótmælt, að stefnandi hafi haldið launum sínum hjá stefnda þann tíma, sem hann var óvinnufær vegna slyssanna beggja. Í bréfi stefnda, dags.

27. september 1993, er boðið upp á sem fullnaðaruppgjör vegna slyssins 4. júní 1991 3.000.000 kr. vegna varanlegrar örorku og miska og 1.584.000 kr. vegna tapaðrar vinnu við eigið húsnæði + innborgað 2.799.723 kr., samtals 1.784.277 kr. Greiðsla þessi var innt af hendi 17. maí 1994 og við henni tekið sem innágreiðslu.

Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið, verður lagt til grundvallar við niðurstöðu málsins, að stefndi hafi þegar greitt stefnanda bæt看 vegna tímabundinnar örorku, þ. e. með launagreiðslum og bótum vegna tapaðrar vinnu við eigið húsnæði.

Við ákvörðun bóta til stefnanda verður höfð hliðsjón af ofangreindum útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, enda hefur ekki verið lagður fram útreikningur byggður á tekjum þriggja ára fyrir slys. Hér er og á það að líta, að í greiðslum stefnda til stefnanda vegna slyssins 4. júní 1991 virðist hafa verið miðað við útreikning byggðan á tekjum slysársins og síðasta árs fyrir slys. Samkvæmt dómvenju er rétt, að bæt看 til stefnanda vegna örorku sæti frádrætti vegna hagræðis við eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra. Þá á stefnandi rétt til bóta vegna tapaðra lífeyrisréttinda.

Ekki þykja efni til að lækka bæt看 til stefnanda vegna þess, að hann kunni að eiga rétt á örorkubótum frá Tryggingastofnun ríkisins. Sama er um bæt看 þær, sem stefnandi hefur fengið úr launþegatryggingu og eigin slysatryggingu.

Með hliðsjón af þessum forsendum þykir óbætt tjón stefnanda vegna varanlegrar örorku hæfilega metið 12.000.000 kr. Þá á stefnandi rétt til bóta vegna tapaðra lífeyrisréttinda, 921.400 kr.

Þegar litið er til afleiðinga slyss stefnanda og dómvenju um miskabæt看, þykja miskabæt看 honum til handa hæfilega metnar 1.250.000 kr.

Frá fjárhæðum þessum dragist 3.000.000 kr., þ. e. 2.799.723 kr., sem greiddar voru á tímabilinu okt. 1991 til okt. 1992, sbr. kröfugerð stefnanda, og 200.277 kr., sem greiddar voru 17. maí 1994, þ. e. 1.784.277 kr. + 1.584.000, vegna vinnu við eigið húsnæði, en til þess var litið vegna kröfu um bæt看 vegna tímabundinnar örorku.

Verður stefnda því gert að greiða stefnanda 11.171.400 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. apríl 1992 til 20. september 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. september 1994.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 1.075.000 kr. Hefur þá verið litið til útlagðs kostnaðar, 112.375 kr., virðisaukaskattsskyldu lögmannspóknunar og innborgunar stefnda á málskostnað, 100.000 kr.

Dóminn kveða upp Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari, Júlíus Valsson lækni og Sigurður Thorlacius lækni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Þorgeiri Ingvasyni, 11.171.400 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. apríl 1992 til 20. september 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 1.075.000 kr. í málskostnað.

Heimilt er að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. september 1994.
